

Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 19. ágúst 2009

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

1. Skólagögn

Sú hugmynd var viðruð að foreldrafélagið kæmi að því að fá tilboð í skólagögn fyrir skólaárið 2010 – 2011 en of seint er að vinna að því fyrir skólaárið sem nú er að hefjast.

2. Könnun

Kristjana sýndi stjórnarkonum spurningalista sem hún var búin að útbúa til að leggja fyrir foreldra þann 14. sept. nk. Þá eru foreldraviðtöl og því auðvelt að ná á foreldra. Ákveðið var sl. vor að leggja könnun fyrir foreldra. Mikilvægt er að gera foreldra meðvitaða um að þeir eru í Foreldrafélagi Akurskóla (FFA). Einnig verður spurt um skólabúninga ofl.

3. Ljósanótt

Rætt var um að 10. bekkur verði með fjáröflun á Ljósanótt.

4. Fundur með bekkjafulltrúum

Ákveðið að halda fund með bekkjafulltrúum þann 31. ágúst til að athuga hvort að þeir hyggist gefa kost á sér áfram. Einnig þarf að ræða nýtt fyrirkomulag félagsins, skólabúninga o.fl.

5. Skólamatur

Áskrift á mat mun hækka um 56 kr. máltíðin. Mögulegt er að bærinn og skólarnir taki eitthvað af hækkuninni á sig.

6. Húsnaði Akurskóla

Fram kom að skólahúsnaði Akurskóla er nú fullnýtt og jafnvel eitthvað umfram það. Endanlegur fjöldi nemenda er ekki kominn á hreint.

7. Fundir FFA

Ákveðið að halda almenna félagsfundi, annan þriðjudag í mánuði. Næsti fundur yrði því 8. september nk.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir